

Gefðu 10

Ekki bíða, byrjaðu strax!



Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjölbýngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál



Sköpum námstækifæri sem efla íslenskukunnáttu fjöltyngdra barna

Það tekur langan tíma að ná tökum á nýju tungumáli. Mörg börn sem byrja í leikskóla á Íslandi og tala annað móðurmál en íslensku byrja að læra íslensku sem annað mál í leikskólanum. Fyrst ná börnin tökum á einföldu samskiptamáli en smátt og smátt eykst orðaforði þeirra, þau ná meiri hæfni í tjáningu og skilja flóknari setningar. Það tekur fjöltyngd börn 1–2 ár að ná góðum tökum á samskiptaorðaforða í nýju tungumáli en um 5–7 ár eða jafnvel lengur að ná tökum á dýpri orðaforða, stundum kallaður skólaorðaforði.

Í byrjun þarf að huga að grunnorðaforðanum sem tengist viðfangsefnum og samskiptum í daglegu starfi en smátt og smátt þarf að bæta við erfiðari orðum (millilagi orðaforðans) og kenna flóknari hugtök. Gott er að velja orð til að vinna með út frá þeim þeim sem unnið er að hverju sinni. Ekki má gleyma orðaforða sem tengist tilfinningum og félagslegum samskiptum.

Með því að vekja athygli á fjölbreyttum tungumálum sem notuð eru í leikskólanum, læra eitt og eitt orð á tungumálum barnanna, ræða hlutverk leikskólans og hlutverk foreldra við að efla íslensku og móðurmál er stuðlað að virku tvítyngi. Þannig skapast líka jákvætt viðhorf fyrir fjölbreyttum tungumálum sem hefur góð áhrif á þróun sjálfsmyndar barna. Ung börn eru ekki svampar, þau þurfa mörg og ríkuleg tækifæri til þess að læra íslensku

sem annað mál strax við upphaf leikskólagöngu. Oft skapast aðstæður „þagnar eða þöguls tímabils“ þar sem lítið er talað við börnin og beðið eftir því að þau fari að tala. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á málþroska og félagsþroska barnanna. Hlýleg samskipti og háar væntingar til barnsins gefa því til kynna að það sé velkomið.




Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn. Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið skapar þú námstækifæri út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni. Þegar allt starfsfólk á deildinni **gefur 10** daglega (10x1 mínútu, 5x2 mínútur eða lengur) fær barnið sem er að læra íslensku sem annað mál 30–40 mínútna jákvæð, málörvandi samskipti í leik og frjálsum aðstæðum til viðbótar við annað málörvunarstarf. Kennarinn fylgist með samskiptunum með því að hafa skráningarblað í vasanum eða teygjur á úlnlið. Þannig er byrjað með tíu teygjur á hægri úlnlið og þær færðar yfir á vinstri úlnlið. Hver mínúta skiptir máli en í lok dags eiga allar teygjur að vera vinstra megin.

Með því að **gefa 10** er verið að örva málþroska, auka samskipti, fjölga náms-tækifærum barnsins og skapa rými til virkrar þátttöku. Barnið upplifir að það tilheyrir barnahópnum og betri trú á eigin getu. Vel undirbúin málörvun, lestrarstundir og vinna með milliorðaforða og flóknari hugtök eru viðfangs-efni sem síðan þarf að sinna jöfnum höndum. Þar er ekki síst mikilvægt að huga að skipulagi, hópastærð, myndrænum stuðningi, bókalestri og orðaforðavinnu. Meta þarf framfarir barna í íslensku sem öðru máli alla leikskólagönguna.

Vitum við hvaða börnum við þurfum að gefa 10?

Ef við erum að gefa 10 en vitum ekki hvaða börn þurfa mest á því að halda getum við byrjað á að meta samskipti okkar við börnin á deildarfundi:

Deildarstjórinn fer yfir nöfn fjöltyngdu barnanna á deildinni, hvaða tungumál þau tala og hvernig þeim gengur að ná tökum á íslensku sem öðru máli. Allt starfsfólk deildarinnar fær blað, teiknar hring í miðjuna og skrifar nafnið sitt inn í hann. Utan um hringinn er teiknaður stærri hringur og á hann skrifar hver og einn nöfn barnanna og staðsetur þau á hringnum eftir því hvort mikil eða lítil samskipti eru við viðkomandi barn (sjá myndina fyrir neðan en þar er Jóna kennarinn). Hér er áherslan á samskipti sem fela í sér jákvæðar athugasemdir, hrós og hvatningu, málörvun og áhuga á því sem barnið er að gera, bæði að eigin frumkvæði og hins fullorðna. Ekki er verið að leita eftir samskiptum sem fela í sér skipanir, athugasemdir eða fyrirmæli.



Hér eru það Magdalena og Alexei sem Jóna er í minnstum samskiptum við. Deildarstjóri ber nú saman hringina hjá starfsfólkinu sínu og skoðar hvort það eru einhver börn sem lítið er talað við. Ef sú er raunin er auðvelt að finna barnið sem fyrst þarf að **gefa 10**. Ef þetta er ekki ljóst þarf starfsfólk að velja í sameiningu það barn sem mikilvægast er að byrja á. Skráið niður nöfn barnanna í þeirri röð sem þið ætlið að **gefa 10**. Hér væri röðin þessi: Magdalena, Alexei, Amihan, Nguyễn og Karolína. Hverju barni er **gefið 10** í a.m.k. tvær vikur, lengur ef með þarf.

Skrá þarf niður og halda saman upplýsingum um það hvað er gert, hvar barninu gengur vel að tjá sig, hvernig því fer fram og hvað þarf að gera betur. Bætt er við skráninguna smátt og smátt þann tíma sem íhlutunin stendur

yfir en deildarstjórinn heldur þeim skráningum saman og nýtir við símat á málþroska barnsins. Hægt er að endurtaka þetta reglulega en skráningin hjálpar til við að halda saman upplýsingum um framfarir í íslensku sem öðru máli og auðveldar inn grip ef skipuleggja þarf frekari i hlutun.

Áhugi, styrkleikar, þekking og virkni

Fylgstu með barninu í leik og samskiptum og skráðu niður:

- **Hvað finnst barninu skemmtilegt að gera, hvar liggur áhugi þess?**
- **Hvenær gengur barninu vel að eiga samskipti og hvaða aðferðir notar það til að eiga samskipti við jafnaldra og fullorðna?**



Hvað getur þú gert: Samskipti fullorðinna við barn sem lærir íslensku sem annað mál leggja grunn að aukinni færni. Barnið, og um leið önnur börn, upplifir að það sé getumikið, áhugasamt, virkt í þátttöku og þess virði að vera hluti af barnahópnum. Ómetanlegt tungumálanám fer fram í jafningjahópnum og þú ert fyrirmynd barnanna að ríkulegum samskiptum. Ef þú hefur frumkvæði að samskiptum við barnið er líklegra að hin börnin geri það líka. Orð þín og athafnir hjálpa til við að skapa jákvætt viðhorf til barnsins, bæði hjá börnum og fullorðnum.

- **Hann er að læra íslensku með okkur** (í stað þess að segja að hann tali ekki eða sé mállaus)
- **Við getum lært spænsku með henni** (í staðinn fyrir að segja við skiljum ekki þegar hún talar sitt tungumál eða gera lítið úr tungumáli hennar með því að viðurkenna það ekki)
- **Búið til jafningjapör sem vinna saman og gera eitthvað sameiginlegt** (af því að þið eruð svo hjálpsöm eruð þið þá til í að fara saman fram í eldhús og sækja ost)

Börnum gengur betur að tjá sig um það sem þeim finnst áhugavert og þau þekkja vel en það sem er ókunnugt. Börn eru líklegri til að taka virkan þátt í samræðum í óformlegum aðstæðum heldur en fyrir framan hóp af börnum.

Hvað getur þú gert: Mundu að nota hvert tækifæri sem gefst til að brúa bilið á milli barnsins sem er að læra íslensku sem annað mál og hinna barnanna í leik og starfi þannig að barnið verði sem fyrst hluti af barnahópnum.

Fyrir neðan eru dæmi um það hvernig þú getur notað stigvaxandi stuðning við barn sem er að læra íslensku sem annað mál.

- **Ég geri og segi** (kennarinn sýnir og lýsir með orðum)
- **Við gerum** (kennarinn framkvæmir með barninu og lýsir með orðum)
- **Þú gerir** (barnið framkvæmir og kennarinn/barnið lýsir með orðum)

Ef barnið er byrjandi í íslensku sem öðru máli

Sestu hjá barninu, brostu hlýlega, talaðu eðlilega og hlýlega (ekki hækka róminn eða nota óeiginlegt málfar) horfðu í augu þess og lýstu því sem barnið er að gera: „*Já ég sé að þú setur pensilinn í rauðu málninguna bendir á pensilinn og endurtekur pensill og bendir á rauðu málninguna og segir rauðu málninguna eða því sem þú ert að gera „nú ætla ég að taka pensilinn“ lyftir upp penslinum „og setja hann í rauðu málninguna“ dýfir honum í rauðu málninguna.* Hugsaðu þér að þú sért íþróttafréttamaður og þurfir að lýsa öllu í smáatriðum. Markmiðið er að virkja áhuga barnsins á þátttöku og gefa því mörg tækifæri til að vera með í leik og starfi.

Ef barnið er farið að segja eitt og eitt orð á íslensku

Sestu hjá barninu og sýndu því sem það er að gera áhuga með því að endurtaka orðin sem það segir og setja þau í stærra samhengi með því að víkka út samtalið: *Barnið segir „bolti“ og rúllar boltanum til vinar síns sem situr á gólfinu. Þú segir „já bolti, ertu með bolta, eigum við að rúlla boltanum saman, eigum við að rúlla rauða boltanum.“* Markmiðið er að fá barnið til að nota fleiri orð í samskiptum við þig og hin börnin.

Ef barnið er farið að segja 2ja til 3ja orða setningar eða herma eftir frösum

Vertu til staðar í leik barnanna og skapaðu aukið samtal um það sem verið er að gera. Ef barnið er búíð að læra frasann „allir taka saman“ getur þú stutt við aukin samskipti: „*Já eigum við að hjálpast að við að taka saman, getur þú bedið Siguu um að setja þennan kubb í hilluna eða eigum við að raða saman öllum rauðu kubbunum og síðan öllum gulu kubbunum.*“ Markmiðið er að fá barnið til að nota setningar með sífellt fleiri orðum í samskiptum.

Heimildir:

Chumak-Horbatsch, R. (2012). Linguistically Appropriate Practice. A Guide for Working with Young Immigrant Children. Kanada: University of Toronto Press.

Cummins, J. (2004). Language, Power and Pedagogy. Bilingual Children in the Cross-fire, (Þriðja útg.). Clevedon: Multilingual Matters.

Hanna Ragnarsdóttir (ritstj.). (2015). Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from immigrant students and school communities in four Nordic countries. Report on main findings from Finland, Iceland, Norway and Sweden. http://lsp2015.hi.is/sites/lsp2015.hi.is/files/sh/lsp_final_report_0.pdf.

Kultti, A. (2012). Flerspråkiga barn i förskolan: Villkor för deltagande och lärande, (Óbirt doktorsritgerð). Gautaborg: University of Gothenburg, Faculty of Education. <http://hdl.handle.net/2077/29219>.

Neaum, S. (2012). Language and Literacy for the Early Years. London: Sage.

Palludan, Charlotte. (2017). Language: A Matter of Inequality. Í Diversity and Social Justice in Early Childhood Education: Nordic Perspectives. Anette Hellman og Kirsten Lauritsen (ritstjórar). Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.

Roberts, T. (2014). Not so silent after all: Examination and analysis of the silent stage in childhood second language acquisition. Early Childhood Research Quarterly, 29 (1), 22-40. DOI: 10.1016/j.ecresq.2013.09.001

Gagnlegar slóðir:

Tungumál er gjöf er vefur fyrir leikskóla þar sem markmiðið er að efla mál og læsi barna sem læra íslensku sem annað mál, í samvinnu við foreldra. www.tungumalergjof.com


Allir með en enginn eins, fjölmennning í leikskóla er vefur fyrir leikskóla þar sem er að finna hugmyndir og verkefni á sviði fjölmennningarlegs skólustarfs og kennslu íslensku sem annars máls. www.allirmed.is

Einn leikskóli, mörg tungumál er leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli. https://reykjavik.is/sites/default/files/einn_leiksk_li_moerg_tungum_l_skr_ning_framfoerum.pdf

Miðja máls og læsis er þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi mál og læsi www.mml.reykjavik.is

Tungumálatorgið er vettvangur á neti, tengdur námi og kennslu tungumála og fjölmennningarlegu skólustarfi. www.tungumalatorg.is





Þegar við gefum 10
er verið að leggja áherslu
á að kenna þann orðaforða
sem börnin eru að nota
hverju sinni.

Þegar hinn fullorðni á
frumkvæði að samskiptum við
barnið fær það fleiri jákvæð
og málörvandi tækifæri í leik
og frjálsum aðstæðum.

Með því að gefa 10
er verið að auka tækifæri
barna til virkrar þátttöku
í barnahópum.

